

Umsögn 106. máls 154. löggjafabings

Umsögn Elísabetar Kjárr Ólafsdóttur um frumvarp til laga um breytingu á lögum um þingsköp Alþingis, nr. 55/1991, með síðari breytingum (Lögrétta)
<https://www.althingi.is/altext/154/s/0106.html>

Undirrituð styður þetta frumvarp heilshugar!

Hljóti það brautargengi eru flokkar ríkisstjórnarinnar nefnilega skikkaðir til að eftir alþjóðasamningum og lögum áður en þau eru samþykkt. Það er stórmál.

Eigum við samt aðeins að ræða að það þarf að leggja þetta frumvarp til? Þetta minnir á leikskólareglur og er náttúrliga alveg bilað. Þjóðin treystir ekki ríkisstjórninni og þetta er ástæðan. Fyrir fimm árum var fyrst lagt fyrir ríkisstjórn að skipa nefndina Lögréttu til að sía út lagafrumvörp sem samrýmast ekki stjórnarskrá eða þjóðréttarlegum skuldbindingum ríkisins. Hingað til hefur það verið gert eftirá og er þá "óheppilegt" og skattarnir okkar fara í að borga sektir vegna brota á samningum.

Í tíu ár hafa Píratar bent ríkisstjórninni á fjölmörg frumvörp sem brjóta gegn lögum og skuldbindingum ríkisins en ríkisstjórn Katrínar Jakobs með Bjarna við stýrið vill ekkert aðhald. Þau kjósa gegn gagnsæi, þau kjósa gegn öllum rannsóknarnefndum og auðvitað nefndinni Lögréttu.

Ríkisstjórnarflokkarnir hafa nefnilega tvisvar kosið gegn því að sett verði á fót óháð og sjálfstæð nefnd sem kannar löggildi lagafrumvarpa. Þælið aðeins í því. Að kjósa gegn því að fara að lögum? Hver gerir það annað en skúrkar og glæpamenn?

Það verður áhugavert að sjá hvaða þingmenn kjósa gegn heiðarlegum stjórnámálum og ég þakka kærlega fyrir frumvarpið.

Lögrétta er nauðsynleg!